

Arthur Schopenhauer. Þættir úr heimspeki hans

Hugtakið vilji í merkingunni alheimsorka eða alheimsvilji (orka, kraftur), er lykilhugtak í kenningum þýska nítjándu aldar heimspekingsins, Arthur Schopenhauer.

„Notkun Schopenhauers á hugtakinu „vilji“ hefur valdið miklum misskilningi því fólki finnst erfitt að ímynda sér ópersónulegan vilja sem hefur hvorki huga eða greind né markmið eða tilgang. Schopenhauer tekur hins vegar af allan vafa um að þetta sé það sem hann eigi við.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Mál og menning, 2002, s. 141.)

AS sótti innblástur til heilags Ágústínusar, sem „...var [...] undanfari Schopenhauers hvað varðar það viðhorf að öll veraldleg tilvera okkar, þar á meðal skynsemin, sé undir oki viljans.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Mál og menning, 2002, s. 50.)

Immanuel Kant var einnig mikilvægur lærifaðir AS. „Schopenhauer leit svo á að [...] kenningar Kants væru í grundvallaratriðum réttar og svo djúptækar að „áhrif orða hans í huga þess sem skilur þau er eins og aðgerð á blindum manni með ský á auga. Schopenhauer hélt því fram að einungis þeir sem hefðu meðtekið allar þessar hugmyndir Kants væru færir um að skilja heimspeki hans sjálfs.“ (sama rit, s. 139)

AS varð einnig fyrir mikilvægum áhrifum frá austurlenskri heimspeki, fyrstur vestrænna spekinga. Trúleg er hann einnig sá fyrsti sem heldur skorinort fram trúleysi sínu, enda þótt bæði Thomas Hobbes og David Hume hefðu kastað barnstrúnni á borði, þótt ekki væri í orði.

Í tilverunni er einn sameiginlegur kjarni manns og annarrar náttúru, alheimsviljinn, því er maðurinn í stakk búinn til að öðlast skilning á kjarna tilverunnar – veröldinni eins og hún er í sjálfu sér, þ.e. Ding an sich. Kjarninn er samnefnari viljans, sem birtist sem tilfinningar, þrár, hvatir, o.s.frv. Viljinn er raunsjálfið, líkamleg birting hans. Hann er allsráðandi og beitir skynseminni í sína þágu.

Viljinn er þjáning. Honum verður traudla fullnægt. Í miðju orkusvæði viljans er kynhvötin staðsett. Menn láta undirokast af eigin hvötum; viljinn er illur viðureignar og rót hins illa, sem gerir lífið að þjáningu og stríði.

Lífið er innantómur harmleikur. Það stoðar lítt að safna auði – og ekki bætir úr skák, að viljinn endurfæðist. Einasta leiðin til hamingju er að bylta þessum harðstjóra og leiða skynsemina til öndvegis í sálunni. Sjái maðurinn, að þjáning allra manna endurspeglar í þjáningu hans sjálfs, mjakast hann á hærra vitundarstig. Þar með er snillingurinn fæddur, firrtur vondum vilja og ástríðu, og fær um að veita hlutdeild í hinni sönnu ásjónu mannsins. Í tónlistinni nýtur hann sín best.

„Schopenhauer hafði beinlínis andúð á heiminum. Heimur dýranna virðist honum óendalega skelfilegur: flestar skepnur lifa á því að veiða og rífa í síg aðrar skepnur og á hverri sekúndu er verið að rífa í sundur eða éta lifandi óteljandi dýr – raunveruleiki dýranna er því blóði drifinn. Hann hafði svipaða skoðun á heimi mannsins. Ofbeldi og óréttlæti leynast við hvert fótmál. Líf hvers einstaklings er tilgangslaus harmleikur sem endar óhjákvæmilega með dauða. Allan þann tíma sem við búum í þessum heimi erum

við þrælar langana okkar og erum ekki fyrr búin að fullnægja einni þeirra en önnur kemur í hennar stað. Við erum því sífellt ófullnægð, enda er sjálf tilvist okkar uppspretta þjáningar. Schopenhauer hefur verið álitinn mesti bölsýnismaður heimspekisögunnar á sama hátt og Spinoza er álitinn helsit algyðistrúarmaðurinn og Locke manna frjálslyndastur. Segja má að svartsýni hans hafi jaðrar við geðveiki. Og eins og vænta mátti var bölsýnin honum líka ákveðin nautn.“ (sama rit, s. 143-144)

Það er mannum eðlislægt að skara eld að eigin köku. Hann er sjálfhverfur. Engu að síður tekst honum að nokkru leyti að frelsast frá „einstökuninni“ eða einstaklingsverunni (individuation) og horfist þá í augu við, að allir menn eru seldir undir hina sömu sök viljans. Meðaumkunin kviknar og verður uppspretta mannástarinnar, siðferðisins. Listirnar geta átt mikilvirkan þátt í frelsuninni og til að lina lífsins þjáningar.

„Schopenhauer taldi hins vegar að til væri ein leið til að öðlast tímabundna lausn úr hinni dimmu dýflissu þessa heims og það er fyrir tilstilli listarinnar. Í málalalist, höggmyndalist, skáldskap, leiklist og umfram allt í tónlist losnar um annars sístrekkta taum viljans sem togar í okkar allt lífið og skyndilega losnum við undan þjáningum tilverunnar. Um stund komumst við í snertingu við eitthvað sem er utan reynsluheimsins, annað tilvistarsvið: það er beinlínis eins og við sleppum úr tíma og rúmi og auk þess úr sjálfum okkur, jafnvel úr þessum efnishlut sem líkami manns er.“ (Sama rit, s. 144)

Heimurinn er sköpun mannsins sjálfs. AS þurrkar út aðgreiningu hins huggerva (subjective) og hins hlutgerva (objective). Maðurinn er hvort tveggja í senn, þ.e. er samtímis sá, er skynjar, og viðfang eða efniviður skynjunar sjálfs sín. AS taldi manninn ekki geta borið kennsl á efnið sjálft (rétt eins og George Berkeley).

Háspeki eða frumspeki AS færir okkur m.a. þann boðskap, að viljinn væri kjarni tilverunnar, en ekki andi ellegar skynsemi eins og heimspekingar höfðu trúað um aldir alda. Skynsemin væri hvort tveggja í senn þjónn og leiðarljós hans.

Schopenhauer taldi – og þar eru hugmyndir hans óneitanlega keimlíkar forvera hans, hollenska heimspekingsins, Baruch Spinoza og Immanuel Kant raunar einnig - að maðurinn hefði takmarkaða hugmynd um driffjaðrir hugsunar og hátternis.

„Áratugum á undan Freud rökræddi Schopenhauer það sérstaklega og ítarlega að meiri hluti innra lífs okkar og hvata sé okkur óþekkt og þess vegna liggi að mestu leyti ómeðvitaðar hvatir að baki lífi okkar, ákvörðunum, athöfnum og tali. Hér er þá enn þekking okkar á sjálfum okkur innan frá þekking á fyrirbærum einvörðungu en ekki á veruleika eins og hann er í sjálfum sér.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. HÍB 2002, s. 227.)

Fyrstu viðurkenningu sína sem heimspekingur hlaut AS frá vísindafélaginu í Þrándheimi 1839 fyrir ritgerð sína: „La liberté est un mystère.“

AS hafði bein áhrif á þýska tónskáldið Richard Wagner, rithöfundana Thomas Mann, Oswald Spengler, Henrik Ibsen, August Strindberg og Tolstoy; heimspekingana Henri Bergson, William James, Ludwig Wittgenstein og Friedrich Nietzsche.

Djúpsálarkenningar austurríka sálkönnuðarins, Sigmund Freud, draga einnig dóm af hugsmíðum hans, bæði hvað varðar hugmyndir hans um gerð sálarinnar, þ.e. undirsjálfr

(das Id), sjálf (das Es/Ich) og yfirsjálfíð (das Über-Ich), vitund (dulvitund, meðvitund), lífsorkuna (kynorkuna) og sállækningar (psychoanalysis, psychoanalytic psychotherapy), þ.e. að beita skynseminni til að gægjast inn í myrkviði dulvitundarinnar, t.d. við ráðningar draumanna (Traumdeutung). Höfundur greiningarsálfræðinnar (analytische psychologie – analytical psychology), Carl Gustav Jung, þekkti verk Schopenhauers og vitnaði til þeirra.

AS var annálaður fyrir ritsníld sína. Í fyrrgreindu riti segir Bryan Magee (s. 144): „Stílsníld Schopenhauers eykur svo enn á ánægjuna af því að lesa verk hans. Hann er einn fárra mikilla heimspekinga sem einnig skrifaði listagóðan texta, en í þessum hópi eru meðal annarra Plátón, heilagur Ágústínus, Descartes, Rousseau og Nietzsche, en varla margir fleiri.“